

## REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 62, 25. janúar 2002,  
um friðun hrygningarforsks og skarkola á vetrarvertíð 2002.**

1. gr.

Í stað: „til og með“ í 2. mgr. 1. gr., 3. mgr. 2. gr., 1. mgr. 3. gr. og í 2. mgr. 3. gr. komi: til kl. 10.00.

2. gr.

Í stað orðanna: „Frá Gjögurvita (á Ströndum)“ í B-lið 3. gr. reglugerðarinnar komi: Frá Hornbjargsvita.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 18. mars 2002.*

**Árni M. Mathiesen.**

*Jón B. Jónasson.*

Nr. 237

8. mars 2002

## AUGLÝSING

**um deiliskipulag Grunda og Ása í Garðabæ.**

Bæjarráð Garðabæjar samþykkti 15. nóvember 2001 tillögu að deiliskipulagi Grunda og Ása í Garðabæ. Í deiliskipulaginu felst m.a. að gatnakerfi atvinnulóða og íbúðalóða er aðgreint, gerð er tillaga um nokkrar nýjar lóðir fyrir íbúðarhús, grunnskóla, hönnunarsafn og leikskóla og gerðir eru heildarskilmálar fyrir hverfin.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð samkvæmt 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Deiliskipulagið öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

*F.h. Garðabæjar, 8. mars 2002.*

**Bergljót S. Einarsdóttir** skipulagsfulltrúi.

Nr. 238

7. mars 2002

## AUGLÝSING

**um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins  
á sameiningu Gnúpverjahrepps og Skeiðahrepps.**

Með vísan til 95. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998 tilkynnir ráðuneytið að það hefur hinn 7. mars 2002 staðfest sameiningu Gnúpverjahrepps og Skeiðahrepps í eitt sveitarfélag.

Jafnframt hefur eftirfarandi verið ákveðið:

Sameining framangreindra sveitarfélaga í eitt sveitarfélag skal taka gildi 9. júní 2002.

Hið sameinaða sveitarfélag skal taka yfir allt það land sem nú tilheyrir áðurgreindum tveimur sveitarfélögum.

Íbúar beggja sveitarfélaga skulu vera þegnar hins sameinaða sveitarfélags.

Eignir, skuldir, réttindi og skyldur sem tilheyra þessum tveimur sveitarfélögum skulu falla til hins sameinaða sveitarfélags.

Skjöl og bókhaldsgögn beggja sveitarfélaga skulu afhent hinu sameinaða sveitarfélagi til varðveislu.

Sérstök athygli er vakin á eftirfarandi:

Kosning sveitarstjórnar hins sameinaða sveitarfélags skal fara fram þann 25. maí 2002, sbr. 96. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.

Kjósa skal sjö fulltrúa í sveitarstjórn hins sameinaða sveitarfélags, sbr. 1. mgr. 12. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.

Sveitarstjórnirnar tvær kjósa sameiginlega þrjá fulltrúa í yfirkjörstjórn og þrjá til vara. Kjörstjórnir þær sem kosnar voru í upphafi yfirstandandi kjörtímabils skv. 14. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998 skulu vera undirkjörstjórnir við kosningarnar.

Nafn hins sameinaða sveitarfélags verður auglýst sérstaklega.

*Félagsmálaráðuneytinu, 7. mars 2002.*

F. h. r.

**Berglind Ásgeirsdóttir.**

*Guðjón Bragason.*

## SAMÞYKKT

### um breytingu á samþykkt um stjórn og fundarsköp Sveitarfélagsins Hornafjarðar, nr. 75/1999.

1. gr.

Í stað „11“ í 1. gr. samþykktarinnar kemur: 7.

2. gr.

Í stað „fimm“ í 44. gr. kemur: þrjá.

3. gr.

Í stað „Fimm“ í 1. tölul. A-liðar 57. gr. kemur: Þrír.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Sveitarfélagsins Hornafjarðar hefur sett samkvæmt ákvæðum 10. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, staðfestist hér með til að öðlast gildi að loknum sveitarstjórnarkosningum 2002.

*Félagsmálaráðuneytinu, 5. mars 2002.*

F. h. r.

**Berglind Ásgeirsdóttir.**

*Guðjón Bragason.*